

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

[29. mál]

um þyrlur til strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Jónas Pétursson,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að landhelgisgæzlan fái hið fyrsta tvær nýjar þyrlur og verði önnur þeirra notuð í þágu strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og við Húnaflóa, en hin á Norðausturlandi og Austfjörðum. Skal stefnt að því, að þessi tæki verði að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna.

Greinargerð.

Landhelgisgæzlan á nú eina þyrlu, sem reynzt hefur mjög vel. Er hún staðsett í Reykjavík, en getur lent á þilfari tveggja varðskipanna. Mun gert ráð fyrir því, að hið nýja varðskip, sem hafizt verður handa um að byggja í byrjun næsta árs, verði einnig þannig útbúið.

Það er skoðun forstöðumanns landhelgisgæzlunnar, að þyrlur muni í framtíðinni gegna þýðingarmiklu hlutverki við strandgæzlu og björgunarstörf. Enn fremur er auðsætt, að slík tæki geta bætt verulega úr þeim vanda, sem lækna-skorturinn hefur haft í för með sér viðsvegar um land og þó sérstaklega í strjálbýlustu héruðunum. Væri ómetanlegt hagræði að þeim til sjúkra- og læknaflutninga, ekki sízt eftir að fyrirhugaðar læknameiðstöðvar hefðu verið settar á stofn í hinum ýmsu landshlutum. Úr öryggisleysi fólksins í þeim héruðum, þar sem lækna vantar, verður að bæta. Til þess má einskis láta ófreistað.

Þyrlur er einnig hægt að nota til margvíslegra annarra flutninga. Hafa þær þegar komið að notum hér á landi, t. d. þegar snjóþyngsli hafa lokað samgöngu-leiðum á landi.

Það er því skoðun flm. þessarar tillögu, að brýna nauðsyn beri til þess að afla slíkra tækja og hafa þau að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna. Hugsanlegt væri að hætta rekstri minnstu varðbátanna, sem eru mjög dýrir í rekstri, en ná þó ekki tilgangi sínum, hvorki sem varðskip né björgunarskip. Er því óvíst, að rekstur þyrlanna hefði tilfinnanlegan aukakostnað í för með sér.